



Fundargerð

Fundur í skipulags- bygginga- húsnæðis- og hafnarnefnd Reykólahrepps
mánudaginn 5. mars 2012, kl. 10:00

Fundarstaður: fundarsalur hreppsnefndar Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mættir: Sveinn Ragnarsson formaður Herdís Matthíasdóttir og Egill Sigurgeirsson. Einnig sátu fundinn Bogi Kristinsson skipulags- og byggingafulltrúi og Ingibjörg B. Erlingsdóttir sveitarstjóri og ritaði fundargerð.

Fundargerð er rituð á tölvu og er tvær blaðsíður.

Formaður setti fundinn, bauð fólk velkomið.

Dagskrá:

Mál til afgreiðslu:

1. 1106002 – Breyting á aðalskipulagi 2006-2018 vegna deiliskipulags Þórisstöðum.

Skipulagið er samþykkt að undangengnu samþykki Skipulagsstofnunar. Óskað er eftir heimild Skipulagsstofnunar til að auglýsa skipulagið skv. skipulagslögum 123/2010. Samþykkt samhljóða.

2. 1102005 – Deiliskipulag Tröllenda í Flatey.

1. Minnispunktar frá Landmótun dagsett 17. febrúar 2012.
2. Fundargerð félagsfundar Framfarafélags Flateyjar 7. febrúar 2012.

Nefndin fór yfir minnispunkta Landmótunar, og fundargerð félagsfundar Framfarafélags Flateyjar, sem formaður nefndarinnar og sveitarstjóri sátu. Vegna fjölda athugasemda við fyrri auglýsingu og breytinga á skipulagi vegna þeirra, vill skipulagsnefnd auglýsa tillöguna á ný. Samþykkt samhljóða.

3. 1202021– Kötluland 139665, stofnun lóðar Kötluland/Fjárhús.

Nefndin samþykkir stofnun lóðarinnar Nýtt landnúmer Kötluland-fjárhús landnr. 220-776 lóðarstærð 11.736 fm2. skv. framlögðum hnitsettum uppdrætti dagettum 24. febrúar 2012. Samþykkt samhljóða.

4. 1202022 – Álftaland 173216, breyting á lóð.

Nefndin samþykkir tillögu að breytingu, skv. framlögðum hnitsettum uppdrætti dagsettum 24. febrúar 2012. Samþykkt samhljóða.

5. 1202023 – Hafrafell 3 212-2098, umsókn um stöðuleyfi fyrir gáma.

Erindi frá Þorleifi Guðjónssyni febrúar 2012.

Málinu frestað, þar til samþykki allra landeigenda liggur fyrir, skv. Þjóðskrá Íslands. Samþykkt samhljóða.

6. 1203015 – Bær 139546, framkvæmdaleyfi vegna stígagerðar.

Erindi frá Hjalta Einarssyni og Kristjönu G. Jóhannesdóttur dagsett 28. febrúar 2012.

Málinu frestað, þar til skipulagsuppdráttur liggur fyrir um legu stígsins. Samþykkt samhljóða.

7. 1203010 – Gjafabréf vegna lóðar undir Vogalandi.

Erindi frá eiganda jarðarinnar Króksfjarðarness dagsett 23. febrúar 2012.

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við að gjafabréf lóðarinnar verði látið falla niður, nefndin telur eðlilegast að lóðaleigusamningur við eiganda jarðarinnar verði þá einnig felldur niður að því undagengnu að leigusamningur verði gerður á milli eiganda jarðarinnar og eigenda Ásaheima á sömu forsendum og núverandi áframleigusamningur segir til um. Skipulagsnefnd tekur ekki afstöðu annara hluta erindisins.

8. 1203019 – Ráðstefna slökkviliða og Mannvirkjastofnunar 15. og 16. mars 2012.

Erindi frá sviðsstjóra slökkviliðasviðs Mannvirkjastofnunar dagsett 1. mars 2012.

Nefndin leggur það til að slökkviliðsstjóri sveitarfélagsins mæti á fundinn fyrir hönd sveitarfélagsins. Samþykkt samhljóða.

9. 1203020 – Nýtingaleyfi vatnsveitna sveitarfélaga á köldu vatni.

Erindi frá Orkustofnun dagsett 28. febrúar 2012.

Nefndin leggur til að staða sveitarfélagsins varðandi nýtingarleyf verði könnuð frekar. Samþykkt samhljóða.

Mál til kynningar:

10. 1203018 - Hafnarreglugerð fyrir Flateyjarhöfn í Breiðafirði.

Kynnt.

11. 1202024– Óbrunatryggð mannvirki.

Erindi frá Viðlagatryggingu Íslands dagsett 22. febrúar 2012.

Kynnt, nefndin leggur til að sveitarstjóra verði falið að skoða málið nánar.

12. 1202025 - Frárennslismál í Flatey

Úttekt og tillögur að úrbótum, unnið af Eflu verkfræðistofu febrúar 2012.

Kynnt.

Önnur mál (ef einhver): Löglega upp borin.

Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 12:35
